

og fyrir útlagðan kostnað við kafara, og fyrir vinnu við báta og nót og flutning þessa til Akureyrar, samtals upphæð, sem með hliðsjón af hinu bjargaða verðmæti, þykir eiga að nema 10,000 krónum þar í einnig innifalinn kostnaður við mál þetta. Í vexti ber stefndu að greiða 5% af upphæðinni frá stefnudegi og ber stefnanda sjóveðréttur í m/s Hæmir R. E. 261 fyrir hinni tildæmdu upphæð.

Mánudaginn 14. marz 1932.

Nr. 108/1931. **Lárus Jóhannesson, f. h. Sameinuðu
íslenzku verzlunanna á Seyðisfirði**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Kristjáni Jónssyni (Enginn).

Fyrnd krafa.

Dómur gestaréttar Hafnarfjarðarkaupstaðar 7. apríl 1931: Stefndur, Kristján Jónsson frá Bakka á Seyðisfirði eystra, nú til heimilis í Hafnarfirði, á að vera sýkn af kær-um og kröfum hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar í Reykjavík, fyrir hönd hinna Sameinuðu íslenzku verzlana á Seyðisfirði. —

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í hæstarétti 18. dez. f. á., var mætt í því af hálfu beggja aðilja, en er málið skyldi flutt 24. febr. þ. á., mætti enginn af hálfu stefnda. Málið hefir því verið flutt skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir krafizt þess hér fyrir réttinum, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér, f. h. umbjóðanda síns, kr. 1236,05 ásamt 5% ársvöxtum

frá 1. jan. 1927 til greiðsludags, kr. 171,50 í málskostnað fyrir undirréttinum og málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Krafa sú, sem málið er risið út af, er verzlunar-skuld, er áfrýjandi telur stefnda standa í við umbjóðendur sína. Samkvæmt framlagðri útskrift úr verzlunarbókum þeirra, er stefndi talinn skulda kr. 1256,62 í ársbyrjun 1923. Það ár á stefndi allmikil viðskipti við verzlunina og er talinn skulda henni kr. 1250,68 í árslok. Viðskiptunum er haldið áfram á árinu 1924, þó svo að eigi verður séð af hinum framlagða reikningi, að aðiljar hafi átt nein viðskipti saman það ár eftir lok aprilmánaðar, en í bókum verzlunarinnar er skuld stefnda talin kr. 1236,75 í árslokinn 1924. Síðan átti stefndi engin viðskipti við verzlunina á árinu 1925, enda var hann það ár eigi heimilisfastur á Seyðisfirði. Á árinu 1926 hefir stefndur samkv. bókum verzlunarinnar, átt þau ein viðskipti við hana, að hann hefir í september- og októbermánuðum unnið hjá henni fyrir samtals kr. 127,26.

Vinnulaun þessi hafa að mestu verið goldin honum í peningum, eða kr. 103,13. Vörur tók hann út hjá verzluninni fyrir kr. 23,43 og skuld hans við verzlunina, sem staðið hafði óbreytt síðan í árslok 1924, er færð niður um þá 70 auru, er þá eru ógreiddir af vinnulaununum og því talin kr. 1236,05 í árslok 1926. Er það hin umstefnda upphæð, því síðan hefir stefndi engin viðskipti átt við verzlunina.

Stefndi mótmælti fyrir undirréttinum þinni umstefndu skuld sem rangri, en til vara hélt hann því fram, að hún væri fyrnd. Þar sem hin fyrrnefndu mótmæli aðeins voru almenn og stefndi vefengdi

enga sérstaka liði í reikningi áfrýjanda, verða þau eigi tekin til greina og kemur því hér aðeins til athugunar hvort umstefnd skuld sé fyrnd. Um það atriði verður að litá svo á, fyrst og fremst að viðskipti stefnda og verzlunarinnar verði eigi talin óslitin, þar sem algjört hlé verður á þeim, frá apríllokum 1924 og fram í september 1926, og að ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14, 20. okt. 1905, um að kröfur, er rísa af föstum verzlunarviðskiptum við kaupmenn, fyrnist eigi meðan viðskiptunum er haldið áfram óslitið, þess vegna eigi geti verið því til fyrirstöðu, að skuld sú, er stefndi stóð í við verzlunina í árslok 1924, tæki að fyrnast frá þeim tíma. Í annan stað verður eigi talið, að stefndi hafi viðurkennt þessa skuld sína, með því að hreyfa eigi andmælum, gegn því, að þeir 70 aurar, er áður var getið, væru taldir til afborgunar á henni á árinu 1926. Þar sem nú stefnan í málinu eigi er birt fyrr en 22. okt. 1930, verður að fallast á það, að krafan þá hafi verið fyrnd. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir hæstaréttarmálaflutningsmaður Lárus Jóhannesson í Reykjavík, fyrir hönd Sameinuðu isl. verzlunanna á Seyðisfirði, höfðað gegn Kristjáni Jónssyni, verkamanni frá Seyðisfirði, nú til heimilis í Hafnarfirði, til greiðslu skuldar fyrir útteknar vörur, að upphæð kr. 1236,05 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1927 til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu.

Út af mótmælum stefnds, að greiða hina umstefndu

skuldarupphæð vegna þess, að hann enginn viðskipti hafi haft við skjólstæðing stefnanda, annað en það, að hann haustið 1926 hafi unnið við fyrrgreinda verzlun, og fengið þá vinnu greidda í vörum og peningum, hefir stefnandi lagt fram í málinu reikning yfir viðskipti stefnds, er sýnir skuld hans 1. jan. 1925, kr. 1236,75, og er sama upphæð færð stefndum til skuldar 1. jan. 1926, en í septbr. og oktbr. það ár eru stefndum í greindum reikningi færðar kr. 127,26 fyrir vinnu við slátrun, en úttekt hans nemur þá kr. 23,43 fyrir kjöt og hausa, og eru stefndum þá greiddar í peningum kr. 103,13, en mismunurinn, 70 aurar, kemur samkvæmt reikningnum til frádráttar hinni eldri skuld, sem þá verður kr. 1236,05 í stað kr. 1236,75, og mætti líta svo á, að þessir 70 aurar séu greiðsla upp í hina eldri skuld, er sýndi viðurkenningu stefnda á henni í heild sinni, en hann neitar að hafa haft nokkur önnur viðskipti við skjólstæðing stefnanda en fyrr greinir, haustið 1926, og heldur því fram, að hér hafi aðeins verið um kontant viðskipti að ræða. — Neitar stefndur því, að skulda fyrrgreindar kr. 1236,75, og krefst hann sýkunar af öllum kröfum stefnanda og að honum verði greiddur riflegur málskostnaður.

Stefnandinn hefir upplýst, að ofangreind skuld kr. 1236,75 stafi af viðskiptum stefnds við verzlunina „Framtiðina“ á Seyðisfirði, er átt hafi Zöllner, en sem árið 1921 eða 1922 hafi runnið, ásamt öðrum verzlunum hans, inn í verzlun skjólstæðings stefnanda, og hefir stefndur eigi undir rekstri málsins mótmælt að svo hafi verið, en hann mótmælir kröfunni sem fyrndri, lögum samkvæmt, og að kröfu þessari sé á nokkurn hátt blandað við fyrr umrædd kontant viðskipti hans við verzlun þá, er nú gerir kröfuna.

Það verður nú að álíta svo, að viðskiptin haustið 1926, er að framan greinir, hafi verið uppgerð út af fyrir sig, þrátt fyrir hina vangreiddu 70 aura, er fyrr greinir, og að oftgreind skuldarupphæð, kr. 1236,75, verði því að skoðast sem fyrnd orðin gagnvart stefndum, og því beri að sýkna hann af kærum og kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður.